

Reykjavík 6.júní 2019

Innkauparáð Reykjavíkurborgar  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

Útboð nr. 14504 Sjúkrakallkerfi fyrir Droplaugarstaði

Þann 16.5.2019 voru opnuð tilboð í útboð nr. 14504 „Sjúkrakallkerfi fyrir Droplaugarstaði“. Tilboð bárust frá þremur aðilum.

Eftirfarandi aðilar sendu inn tilboð:


1. Securitas hf
2. Öryggismiðstöðin hf
3. Exton ehf

Hjúkrunarheimilið Droplaugarstaðir óskuðu eftir tilboðum í sjúkrakallkerfi fyrir heimilið ásamt öllu því sem fylgja ber til þess að kerfið geti sinnt þörfum starfsstaðarins ásamt uppsetningu kerfisins og þjálfun starfsfólks í notkun kerfisins. Mikilvægt er að fá nýtt sjúkrakallkerfi á Droplaugarstaði þar sem ekki er hægt að þjónusta núverandi kerfi lengur (úrelt tækni), auk þess sem núverandi kerfi svarar ekki kalli nútímans um gæði og öryggi. Gerð var krafa til bjóðenda um öruggt og einfalt kerfi sem sinnir öllum nútíma þörfum um öryggi og eftirlit stjórnenda. Hægt verður í nýju kerfi að hafa eftirlit með því hvenær bjöllu var hringt, hvenær henni var svarað og hvaða starfsmaður svaraði. Kerfið mun geta geymt upplýsingar um notkun og hægt verður að taka skýrslur út úr kerfinu. Kerfið býður jafnframt upp á þann möguleika að íbúi sé með hnapp á sér og fylgst sé rafrænt með ferðum hans. Á Droplaugarstöðum eru 81 íbúi í sérherbergjum. Fjöldi starfsmanna er um það bil 180 á ári.

Innkaupadeild hefur yfirfarið fjárhagslegt hæfi bjóðenda. Securitas hf. og Öryggismiðstöðin hf. stóðust skoðun á fjárhag til samræmis við kröfur útboðsgagna. Exton ehf. stóðst ekki skoðun þar sem ársreikningur þeirra er ekki í samræmi við kröfur útboðsgagna.

Securitas hf var með lágsta gilda tilboð kr. 16.292.717 án vsk. og leggur undirrituð til að gengið verði að tilboði Securitas hf, enda uppfyllir það allar kröfur útboðsgagna.

F.h. Droplaugarstaða (Velferðarsvið)



Jórunn Ósk Frímannsdóttir Jensen  
forstöðumaður